

Nr. 22-056 S 039 Herjólfur**Ásiglingar á ekjubró**

Skipaskr.nr.	2941	IMO nr.	9825099
Útgerð:	Vestmanneyjaferjan Herjólfur ohf.		
Smíðaður:	Pólland, 2019, stál.		
Stærð:	3270,0 BT.		
Mesta lengd:	71,73 m	Skráð lengd:	68,86m
Breidd:	15,09 m	Dýpt:	5,10 m
Vél:	ABB, 2400 kw, 2017.		
Áhöfn:	10		
Farþegar:	143 þann 4. maí		
	119 þann 13. júní		



Herjólfur@Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. maí 2023 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Í maí og júní sigldi ferjan Herjólfur tvisvar á ekjubrúnna í Vestmannaeyjahöfn þegar verið var að leggja skipinu að bryggju.

Þann 4. maí þegar Herjólfur var að leggjast upp að bryggju var skipið á of mikilli ferð. Hafnarvörður var með ekjubrúnna stillta í það mikilli hæð að hún hitti ekki í skúffu sem hún á að leggjast í. Ferjan fór talsvert aftar en hún á að gera og rakst afturhlerinn, sem búið var opna, í steypa stöpul, sem heldur tjakk uppi fyrir ekjubrúnna. Sprungur komu í steypuna við höggið. Eftir atvikið opnaðist og lokaðist hlerinn eðlilega og var þéttur en nuddaðist örlítið saman við skrokkinn. Veður: NV 7-8 m/s.


Þann 13. júní þegar Herjólfur var að bakka undir ekjubrúnna var skipið á of mikilli ferð og lenti með miklu afli á ekjubrúnna. Við höggið féll barn sem var farþegi skipsins og slasaðist í andliti auk þess sem skipverji féll úr stiga og kvartaði undan verk í hægri fæti. Ekjubróin skemmdist mikið þannig að ekki var hægt að afferma bíla án bráðarbirgðaviðgerðar. Veður: SA 6-7 m/s. (Surtsey).

Við rannsókn á atviki þann 4. maí kom eftirfarandi fram:

- Stjórn tök ferjunnar eru fyrir miðri brú og henni var stjórnað þar af skipstjórnarmanni. Í beitun var fylgst með hreyfingu skipsins á fjórskiptum skjá, sem festur var upp við loft og siglingartölvu sem staðsett var í púlti til hliðar við stjórn tækin.
- Ferjan var þung og risti meira en venjulega og ekjubrúin of hátt uppi að teknu tilliti til djúpristu.
- Þegar um 10 metrar voru eftir að ekjubrúnni var hraði ferjunnar rétt undir einni sjómílu.
- Eftir atvikið var vinnufyrirkomulaginu breytt þannig að afturhlerinn er ekki opnaður fyrr en ferjan er lögst að ekjubrúnni.
- Afturhlerinn var yfirfarinn og legur hans skoðaður í þurrkví sem fram fór í október 2022 og reyndust vera í lagi.

*Skemmdir á afturhlera þann 4.maí***Við rannsókn á atviki þann 13. júní kom eftirfarandi fram:**

- Verklag á stjórn palli ferjunnar við komur og brottfarir voru þær að skipstjóri og yfirstýrimaður voru saman upp á stjórn palli. Annar þeirra var á stjórn tækjum en hinn upplýsti um hraða og fjarlægðir.
- Í þessu tilfelli var yfirstýrimaður á stjórn tækjum en skipstjórinn sagði honum til. Fram kom hjá skipstjóra að hann hafi ekki upplýst yfirstýrimanninn nógu vel um hraða ferjunnar þegar hún bakkaði undir ekjubrúnni.
- Verið var að leggja ferjunni að bryggju að sögn skipstjóra við bestu aðstæður. Logn og sléttur sjór í höfninni.
- Við ásiglinguna gekk þilfarið (grindarefni) á ekjubrúnni upp og burðarbitinn næst ferjunni braut alla festibolta og losnaði frá brúnni þannig að hún varð ónothæf.
- Hraði ferjunnar var um ein til tvær sjómílur þegar hún lenti á ekjubrúnni.

*Ástand ekjubrúarinnar eftir ásiglingu þann 13. júní*

Annað sem fram kom við rannsókn:

- Vinnueftirlitið gerði reglulegar úttektir á ekjubrúnni allt til ársins 2018 en eftir það var því hætt.
- Fram kom hjá Vinnueftirlitinu að ekjubrú þessi ætti að vera CE-merkt og að í leiðbeiningum með henni ætti að koma fram hvernig eftirliti skyldi vera háttað. Slíkt eftirlit og reglubundið viðhald væri á forræði eiganda ekjubrúarinnar.
- Fram kom hjá Vegagerðinni að CE merking ætti ekki við og að ekkert regluverk væri til um eftirlit með ekjubrúum.
- Óljóst er hver var eigandi ekjubrúarinnar en Vestmannaeyjahöfn sá um viðgerðir á henni þegar þess gerðist þörf.
- Reglubundið eftirlit var ekki að hálfu rekstraraðila og engar leiðbeiningar voru til um eftirlit og viðhald ekjubrúarinnar hjá þeim.
- Vegagerðin telur að hún eigi að bera ábyrgð á því að almennu viðhaldi sé sinnt.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök atvikanna hafi verið sú að skipstjórnendur höfðu ekki haft nægjanlega yfirsýn við stjórn tök skipsins.

Tillaga í öryggisátt til Innviðaráðuneytis:

Nefndin beinir því til Innviðaráðuneytis að skorið verði úr því hver er eigandi að ekjubrúum og komið verði á reglulegu eftirliti og ástandsskoðunum með þeim af óháðum vottuðum eftirlitsaðila.